

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 3. júlí 2024

Mál nr. Y-6581/2023:

**Hilmar Ágúst Hilmarsson**

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

gegn

**Þrotabúi ACE Handling ehf.**

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

## Úrskurður

- Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. júní 2024, barst héraðsdómi 27. október 2023, með beiðni dagsettri sama dag. Sónknaðili er Hilmar Ágúst Hilmarsson, með lögheimili í [...]. Varnaraðili er Þrotabúi ACE Handling ehf., [...].
- Sónknaðili krefst þess að ógiltar verði aðfarargerðir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu nr. 2023-050078, nr. 2023-050094 og nr. 2023-051246, sem allar fóru fram að kröfu varnaraðila 10. október 2023 og lauk með árangurslausu fjárnámi, með vísan til 62. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 1. gr. laga nr. 95/2010. Til vara er þess krafist að málskot til Landsréttar fresti fullnustuaðgerðum á grundvelli framangreindra aðfarargerða. Loks er krafist málskostnaðar.
- Af hálfu varnaraðila er þess krafist að dómkröfu sóknaraðila um að umræddar aðfarargerðir verði felldar úr gildi verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar. Við munnlegan málflutning staðfesti lögmaður varnaraðila að í kröfugerðinni fælist ekki sérstök afstaða til framangreindrar varakröfu sóknaraðila, sem varnaraðili teldi þó ekki eiga sér neina lagastoð.
- Undir rekstri málsins var kveðinn upp úrskurður 21. desember 2023 þar sem kröfu varnaraðila um að sóknaraðila yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu var hafnað og var sá úrskurður staðfestur með úrskurði Landsréttar 5. febrúar 2024 í máli nr. 7/2024.

### *Helstu málsatvik*

5. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum móttók embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu tvær aðfararbeiðnir varnaraðila á hendur sóknaraðila 5. september 2023 og eina til viðbótar 12. sama mánaðar. Um var að ræða kröfur um fjárnám á grundvelli fjárkrafna samkvæmt stefnum árituðum um aðfararhæfi 22. október 2021 og 8. febrúar 2022 og vegna dæmds málskostnaðar samkvæmt dómi Hæstaréttar 13. júlí 2023 í máli nr. 35/2023. Tók fulltrúi sýslumanns aðfararbeiðnir þessar allar fyrir á skrifstofu embættisins 10. október 2023, sem aðfarargerðir nr. 2023-50078, -50094 og -51246. Samkvæmt endurritum úr gerðabók sýslumanns var mætt af hálfu gerðarbeiðanda en ekki af hálfu gerðarþola. Var þá bókað að skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1989 um aðför væri fullnægt til að gerðirnar færu fram þótt ekki væri mætt fyrir gerðarþola og var gerðunum öllum lokið með árangurslausu fjárnámi að kröfu gerðarbeiðanda, með vísan til 62. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 1. gr. laga nr. 95/2010.
6. Samkvæmt gögnum málsins hafði varnaraðili í aðdraganda þessa, þ.e. með bréfi 4. september 2023, sem móttakið var af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu degi síðar, óskað eftir endurupptöku fjárnámsgerða er fram höfðu farið 15. febrúar, 14. júní og 28. nóvember 2022, en þeim gerðum hafði öllum lokið með því að fjárnám var gert í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni [...]. Er tekið fram í bréfi varnaraðila að nauðungarsölu á fasteigninni hafi lokið þann sama dag, án árangurs.

### *Málsástæður sóknaraðila*

7. Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína um ógildingu aðfarargerðanna á því að lögmæt skilyrði skorti fyrir þeim.
8. Í *fyrsta lagi* er byggt á því að boðun til aðfarargerðanna hafi ekki farið fram með réttum hætti, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga um aðför. Samkvæmt gögnum málsins sé birtingarmátinn „Rekjanlegt Bréf til Útlanda“. Sé því ljóst að birting hafi hvorki farið fram með útbornu ábyrgðarbréfi eða símskeyti né heldur hafi verið birt með stefnuvotti, eins og áskilið sé í lagaákvæðinu. Þar sem aðför hafi farið fram með vísan til 1. mgr. 24. gr. laga um aðför, þ.e. á þeim grundvelli að gerðarþoli hefði sannanlega fengið tilkynningu að hætti 21. gr. laganna, hafi framkvæmd aðfarargerðanna verið ólögmæt og beri að fallast á kröfu sóknaraðila um ógildingu þeirra.
9. Í *öðru lagi* hafi ekki verið uppfyllt skilyrði 16. gr. laga um aðför um viðeigandi varnarþing gerðarþola. Sóknaraðili eigi ekki heimilisvarnarþing á Íslandi. Í

aðfararbeiðnunum sé vísað til þess að heimilt sé að beina beiðninni til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu með vísan til 1., 2., 3. og 5. tl. 2. mgr. 16. gr. laga um aðför. Byggir sóknaraðili á því að ekkert þessara ákvæða teljist uppfyllt, auk þess sem ekkert sjálfstætt mat hafi farið fram á því af hálfu sýslumanns, eins og endurrit aðfarargerðanna beri með sér. Bendir sóknaraðili á að um undantekningarheimildir sé að ræða frá þeirri meginreglu að beiðni um aðför skuli beina til sýslumanns í því umdæmi þar sem gerðarþoli hafi heimilisvarnarþing, eins og fram komi í athugasemdum að baki frumvarpi til laganna. Með hliðsjón af því og þar sem um íþyngjandi ráðstöfun sé að ræða í garð gerðarþola þurfi að túlka umræddar heimildir með þrengjandi hætti. Skilyrði undantekninganna verði þannig að vera ótvírætt uppfyllt svo unnt sé að fallast á beitingu þeirra.

10. Í aðfararbeiðnunum sé ranglega staðhæft að sóknaraðili reki starfsemi nokkurra félaga á flugvallarsvæðinu í Reykjavík, nánar tiltekið í Flugskýli 1, en ekkert í gögnum málsins styðji að það sé rétt. Kveðst sóknaraðili sinna sínum viðskiptum þar sem hann eigi lögheimili erlendis og hvorki reka starfsemi nokkurra félaga á flugvallarsvæðinu í Reykjavík né hafi hann verið þar staddur við móttöku boðunar eða fyrirtöku hennar. Með engum hætti sé útskýrt í aðfararbeiðni hvernig „rökstudd ástæða“ hafi verið til að ætla að hann myndi hittast þar fyrir og ljóst sé að sýslumaður hafi ekki farið á flugvallarsvæðið í Reykjavík til þess að athuga hvort svo væri. Skilyrði 1. tl. 1. mgr. 16. gr. laganna séu því ekki uppfyllt.
11. Þá bendir sóknaraðili á að það nægi ekki samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 16. gr. laganna að gerðarþoli reki atvinnustarfsemi í umdæminu ef krafan, sem aðfararbeiðni er reist á, eigi ekki rætur að rekja til hennar. Krafan þurfi þannig að vera tengd atvinnustarfsemi sem sé rekin í umdæmi sýslumanns á þeim tíma sem aðför fer fram. Það skilyrði sé ekki uppfyllt. Telur sóknaraðili það raunar koma fram í aðfararbeiðnum varnaraðila sjálfs eins og nánar er útskýrt í greinargerð hans.
12. Af aðfararbeiðni sé ljóst að engin verðmæti standi að veði til tryggingar hlutaðeigandi kröfum enda sé það hvergi nefnt í beiðninni. Í stað þess segi að „á flugvallarsvæðinu má ætla að verðmæti sé þar að finna, sem kunna að standa að veði til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda“. Sé ljóst með einfaldri textaskýringu á 3. tl. 1. mgr. 16. gr. að skilyrði þess ákvæðis séu ekki uppfyllt.
13. Þá kveður sóknaraðili ljóst að hann eigi engar eignir á Íslandi, ekki hafi verið gert fjárnám í neinum slíkum eignum og ekki hafi verið bent á neinar slíkar eignir til fullnustu fjárnámsins. Séu skilyrði 5. tl. 1. mgr. 16. gr. ákvæðisins því augljóslega ekki uppfyllt en

ekki sé nægilegt að það kunni að vera að finna eignir þar heldur skuli þær vera þar að finna.

14. Í þriðja lagi byggir sóknaraðili á því að sýslumaður hafi ekki uppfyllt skyldur sínar til þess að meta hvort skilyrði laga fyrir fyrirtöku beiðni um aðför væru uppfyllt, þ.e. ekkert sjálfstætt mat hafi farið fram við fyrirtöku gerðanna á því hvort skilyrði laga til þess að fyrirtaka færi fram væru uppfyllt. Einvörðungu hafi verið vísað til þess að birting hafi tekist með vísan til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1989. Það sé rangt, sbr. fyrri umfjöllun. Það sé ekki nóg að meta eingöngu hvort boðun hafi tekist þegar ljóst sé að gerðarþoli hafi ekki heimilisvarnarþing í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þurfi sýslumaður að meta hvort skilyrði 2. mgr. 16. gr. laga um aðför séu uppfyllt, sem þau hafi klárlega ekki verið, sbr. fyrri umfjöllun. Ljóst sé af endurritum fjárnámsgerðanna þriggja að ekkert slíkt mat hafi farið fram. Beri því að ógilda aðfarargerðirnar.

#### *Málsástæður varnaraðila*

15. Varnaraðili mótmælir öllum málsástæðum sóknaraðila og byggir á því að þær fjárnámsgerðir sem krafist er ógildingar á byggist á skýrum aðfararheimildum, þær hafi farið fram með þeim hætti sem lög kveða á um á grundvelli beiðna varnaraðila um aðfarargerð og boðun til fjárnáms hafi farið fram með tíðkanlegum hætti.

#### *Lögmæti boðunar*

16. Þrátt fyrir að ekki hafi borið skylda til þess að boða sóknaraðila til fjárnámsins, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um aðför, hafi það engu að síður verið gert. Hafi boðunin verið framkvæmd með svokölluðu rekjanlegu bréfi, þar sem unnt sé að fylgjast með afdrifum bréfsendingarinnar. Með því sem í dag kallast „rekjanlegt bréf“ sé nákvæmlega sömu markmiðum náð og með því sem í lögnum er kallað „ábyrgðarbréf“, en tilgangurinn með því að nota það form bréfsendingar sé að leitast við að tryggja að bréf komist til viðtakanda og það sem meira er, að sendandi bréfs fái staðfestingu um móttöku bréfsendingar. Fyrir liggi að sóknaraðili hafi móttekið boðun sýslumanns um fyrirtöku fjárnáms.

#### *Varnarþing*

17. Varnaraðili kveður kröfu sína um að aðför færi fram á öðru varnarþingi en heimilisvarnarþingi sóknaraðila hafa átt sér stoð í heimildarákvæði 1. mgr. 16. gr. laga um aðför. Krafan hafi verið rökstudd í samræmi við 3. mgr. greinarinnar [svo, á að vera 2. mgr.]. Nægjanlegt sé að eitt skilyrða samkvæmt fimm tölulíðum 1. mgr. sé uppfyllt,

þannig að beita megi ákvæðum laganna um fjárnám utan heimilisvarnarþings. Varnaraðili byggir á því að uppfyllt séu skilyrði 1., 2. og 5. tl. 1. mgr. 16. gr. laganna. Við munnlegan málflytning var einnig vísað til 3. tl. sömu málsgreinar.

18. Varnaraðili bendir í fyrsta lagi á að sóknaraðili reki margháttaða starfsemi á Reykjavíkurflugvelli í gegnum erlent eignarhaldsfélag og íslensk eignarhaldsfélög sem hann sé í fyrirsvari fyrir. Það fyrirsvar útheimti talsverða viðveru á starfsstöð enda sé sóknaraðili með annan fótinn á Íslandi og sé hann helst að finna á skrifstofu sinni í Skýli 1 á Reykjavíkurflugvelli. Sá fulltrúi sýslumanns sem framkvæmdi gerðina þekki þetta af eigin raun þar sem viðkomandi hafi oftár en einu sinni mætt í umrætt skýli til að láta fara fram gerð. Vísar varnaraðili þessu til stuðnings til tveggja endurrita úr gerðabók sýslumannsins frá 1. september 2020 og til vottorðs úr fyrirtækjaskrá (Creditinfo) sem sýni að sóknaraðili sé framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og prókúruhafi fjögurra félaga með starfsstöð á Reykjavíkurflugvelli. Kröfur varnaraðila eigi rætur að rekja til þeirrar starfsemi sem sóknaraðili stundaði á Reykjavíkurflugvelli í gegnum félög sín tvö; ACE Handling ehf. og ACE FBO ehf., og að [...] og í Skýli 1 á Reykjavíkurflugvelli hafi einna helst verið þess að vænta að finna eignir til að gera fjárnám í.

#### *Mat sýslumanns á lagaskilyrðum*

19. Þá byggir varnaraðili á því að sýslumaður meti ávallt lögum samkvæmt hvort skilyrði séu til þess að gerð fari fram. Það liggi í hans lagaskyldum og því að gerð geti ekki farið fram án þeirrar könnunar. Ekki sé þörf á því að fulltrúi sýslumanns bóki um það sérstaklega að hann hafi kannað lagaskilyrði þess að gerð megi ná fram að ganga.

#### *Niðurstaða:*

20. Í máli þessu er deilt um það hvort þær þrjár aðfarargerðir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu sem lauk 10. október 2023 með árangurslausu fjárnámi hjá sóknaraðila hafi verið haldnar slíkum annmörkum að varði ógildingu þeirra eins og sóknaraðili krefst. Er þar einkum deilt um það hvort birting boðana til gerðanna hafi farið fram með lögmaetum hætti, hvort lagaheimild hafi staðið til þess að taka aðfararbeiðnirnar fyrir í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að sóknaraðili ætti lögheimili í [...] og hvort viðhlítandi mat á lagaskilyrðum til að taka gerðirnar fyrir í umdæmi sýslumannsins hafi farið fram af hálfu embættisins.
21. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1989 tálmar það ekki aðför þótt gerðarþoli sé ekki staddur við gerðina eða einhver, sem málstað hans getur tekið, ef unnt reynist annarra

- hluta vegna að ljúka henni án nærveru hans og gerðarþoli eða maður, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, hefur sannanlega fengið tilkynningu að hætti 21. gr. laganna. Sýslumaður skal þá gæta þess af sjálfsdáðum að gerðin brjóti ekki gegn þeim réttindum, sem gerðarþola eru tryggð með lögum þessum.
22. Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 90/1989 skal gerðarþola tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að beiðni sé komin fram um aðför hjá honum og um meginefni hennar. Honum skal um leið tilkynnt hvar aðför muni byrja og sem nánast á hvaða tíma tiltekins dags. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skal senda gerðarþola tilkynningu skv. 1. mgr. með „útbornu ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birta honum af einum stefnuvotti“.
23. Samkvæmt 22. gr. skal aðför að jafnaði byrja á starfstofu sýslumanns ef gerðarþola er send tilkynning skv. 21. gr., nema sýslumanni þyki að höfðu samráði við gerðarbeiðanda annað hentara og samrýmanlegt hagsmunum aðilanna.
24. Samkvæmt endurritum úr gerðabók sýslumanns vegna allra gerðanna voru aðfararbeiðnirnar þrjár teknar fyrir að morgni 10. október 2023 á skrifstofu sýslumannsins að Hlíðarsmára 1 í Kópavogi og var fært til bókar við fyrirtöku málanna að skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1989 væri fullnægt til að gerðin mætti fara fram þótt ekki væri mætt fyrir gerðarþola. Samkvæmt staðfestum ljósritum gagna frá sýslumanni póstlagði sýslumaður boðanir á hendur sóknaraðila vegna aðfararbeiðnanna þriggja með svokölluðum rekjanlegum bréfum í gegnum Póstinn (Íslandspóst ohf.). Liggja fyrir útprentaðar staðfestingar af vefsíðu Póstsins um að bréfin hafi verið „afhent viðtakanda erlendis“ 3. október 2023, eftir nokkrar árangurslausar afhendingartilraunir.
25. Samkvæmt því sem fram kom við munnlegan málflutning býður Pósturinn ekki lengur upp á að senda svokölluð „ábyrgðarbréf“ heldur einungis svokölluð „rekjanleg bréf“ ef senda á bréf með sannanlegum hætti. Virðist sá háttur fá stoð í reglugerð nr. 400/2020 um alþjónustu og framkvæmd póstpjónustu, sem sett er með heimild í 41. gr. laga nr. 98/2019 um póstpjónustu, en með þeirri reglugerð var felld úr gildi eldri reglugerð nr. 364/2003 um sama efni, sem sett hafði verið á grundvelli þágildandi laga nr. 19/2002 um póstpjónustu. Í yngri reglugerðinni ræðir hvergi um „ábyrgðarbréf“ heldur um „Rekjanlegar sendingar og tryggðar sendingar“ í 7. gr. þar sem fjallað er um „umfang alþjónustu“, öndvert samsvarandi ákvæði 5. gr. eldri reglugerðarinnar þar sem ræddi um ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar. Er þó enn rætt um það í 2. mgr. 9. gr. gildandi laga um póstpjónustu að alþjónusta taki til „ábyrgðarsendinga og tryggðra sendinga“ og í 4. gr. laganna um orðskýringar eru hugtökin „ábyrgðarsending“ og „rekjanleg sending“

skilgreind með mismunandi hætti; ábyrgðarsending sem „[p]óstsending sem póstrekkandi ábyrgist með fyrirfram ákveðnum skilmálum“ og rekjanleg sending sem „[s]kráð póstsending sem gerir sendanda eða viðtakanda kleift að fylgjast með henni frá móttöku póstrekkanda og til afhendingar til viðtakanda“.

26. Kemur þá til skoðunar hvort sá háttur sem hafður var á sendingu boðana til aðfarargerða sýslumanns hafi samræmst ákvæði 21. gr. laga nr. 90/1989 sem að framan var rakið. Ljóst er að þær boðanir voru hvorki birtar með tilstilli stefnuvotts né sendar með símskeyti, eins og heimilt er samkvæmt ákvæðinu, en sendingarháttur með símskeytum mun nú einnig vera aflagður eftir því sem næst verður komist. Af hálfu varnaraðila er byggt á því að svokölluð rekjanleg bréf séu í raun hið sama og það sem áður var kallað ábyrgðarbréf og að engu breyti þótt Pósturinn hafi tekið upp á því að kalla slík bréf öðru heiti, heldur skipti meginmáli að hægt sé að sanna afhendingu slíkra bréfa til viðtakenda.
27. Í athugasemdum við 21. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 90/1989 er vísað til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins um „hliðstæða valkosti um sendingu tilkynninga“ en þar er fjallað um sendingu greiðsluáskorunar og kveðið á um að hún skuli send gerðarþola með „ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum af einum stefnuvotti“. Ekki ræðir þar sérstaklega um „útborið“ ábyrgðarbréf, en í athugasemdum að baki 7. gr. kemur fram að þar sem frestur áskorunar byrji fyrst að líða við viðtöku hennar, ekki við sendingu hennar, þurfi gerðarbeiðandi að tryggja sér sönnur fyrir því að áskorun hafi verið komið á framfæri með umræddum hætti, „sem almennt yrði ekki gert nema ábyrgðarbréf eða símskeyti hafi verið borið út og honum verið endursend viðtökukvittun fyrir sendingunni“. Er þess getið í athugasemdunum að réttarfarsnefnd hafi fengið „staðfest af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar að hún geti mætt þessum þörfum fyrir sitt leyti“.
28. Þegar litið er til alls framanritaðs þykir það engum úrslitum ráða þótt Pósturinn kunni að hafa aflagt í starfsemi sinni heitið „ábyrgðarbréf“ og noti þess í stað heitið „rekjanlegt bréf“ þegar senda þarf bréf með sannanlegum hætti og þótt breytingar kunni að hafa orðið á því hvernig sönnun er veitt fyrir afhendingu slíkra bréfa. Verður því lagt til grundvallar að boðun til aðfarargerðanna hafi farið fram umrætt sinn með hætti sem samræmist því að teljast ábyrgðarbréf í skilningi 21. gr. laga nr. 90/1989.
29. Sóknaraðili hefur ekki byggt sérstaklega á því að boðanir til aðfarargerðanna hafi ekki borist honum sjálfum eða öðrum manni sem löghæfur var til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, eins og segir í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1989. Verður það því lagt til

grundvallar sem óumdeilt. Þá hafa engar athugasemdir verið gerðar af hálfu sóknaraðila við þann frest sem sýslumaður mat hæfilegan í skilningi 1. mgr. 21. gr. laganna er hann sendi boðanirnar af stað til [...] með fyrirmælum um að „síðasti birtingardagur“ væri 5. október 2023.

30. Samkvæmt öllu framanrituðu verður ekki á það fallist að boðanir til aðfarargerðanna hafi ekki farið réttilega fram í samræmi við ákvæði laga nr. 90/1989.
31. Samkvæmt endurritum úr gerðabók sýslumanns var ekki fært til bókar á grundvelli hvaða undantekningarheimildar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 90/1989 fulltrúi sýslumanns taldi fært að taka aðfararbeiðnirnar til meðferðar í umdæmi embættisins, en ljóst er, fyrst beiðnirnar voru teknar fyrir, að fulltrúi sýslumanns féllst á rökstuðning gerðarbeiðanda fyrir því að einhver þeirra töluliða málgreinarinnar sem vísað var til í aðfararbeiðnunum ætti við, eins og nægir samkvæmt skýru orðalagi ákvæða þessarar málgreinar.
32. Sóknaraðili staðhæfir m.a. að engin ástæða hafi verið til að ætla að hann myndi hittast fyrir í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, nánar tiltekið í Flugskýli 1 á flugvallarsvæðinu í Reykjavík, eins og rökstuðningur gerðarbeiðanda laut að, enda kveðst sóknaraðili enga starfsemi reka þar. Þar af leiðandi hafi skilyrði 1. tl. 1. mgr. 16. gr. laganna ekki verið uppfyllt. Gegn þeirri staðhæfingu vísar varnaraðili til framlagðs yfirlits af vef Creditinfo um félagapátttöku sóknaraðila, útprentaðs 25. febrúar 2024, þar sem fram kemur að sóknaraðili sé stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi í fjórum félögum með heimilisfang á Reykjavíkurflogvelli, nánar tiltekið ACE FBO Reykjavík ehf., BIRK Invest ehf., Bjargfasts ehf. og Global Fuel Iceland ehf. Fá þær upplýsingar frekari stoð í endurriti af löggeymslugerð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 1. september 2020 á hendur síðastnefnda félaginu, þar sem sóknaraðili er sagður fyrirvarsmaður félagsins. Hefur sóknaraðili ekki leitast við að hnekkja þessum upplýsingum.
33. Við framangreindar aðstæður verður ekki fundið að því mati sýslumanns, sem ætla má að fram hafi farið áður en boðað var til aðfarargerðanna, að líklegt gæti talist að sóknaraðili myndi hittast fyrir í umdæmi hans, þrátt fyrir að hann ætti lögheimili erlendis, og því væri heimilt að beina aðfararbeiðnunum til embættis hans, sbr. 1. tl. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 90/1989. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna öllum málsástæðum sóknaraðila sem lúta að því að óheimilt hafi verið að beina aðfararbeiðnunum til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og þarf þá ekki að taka afstöðu til málsástæðna aðila er lúta að heimild til þess samkvæmt öðrum töluliðum málgreinarinnar.

*Mat sýslumanns á lagaskilyrðum*

34. Í þriðja lagi byggir sóknaraðili aðalkröfu sína á því að sýslumaður hafi ekki uppfyllt skyldur sínar til þess að meta sjálfstætt hvort skilyrði laga til fyrirtöku aðfararbeiðnanna væru uppfyllt. Vísar sóknaraðili til þess að endurrit gerðanna beri ekki með sér að slíkt mat hafi farið fram. Þótt fallast megi á að vandaðra hefði verið ef endurrit gerðanna hefðu borið með sér að fulltrúi sýslumanns hefði fallist á að taka aðfararbeiðnirnar fyrir á grundvelli undantekningarheimildar í 1. mgr. 16. gr., og þá á grundvelli hvaða töluliðar það var gert, verður ekki séð að slík lagaskylda hvíli á sýslumanni samkvæmt ákvæðum aðfararlaga eða annarra laga eða reglna, en ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gilda t.d. ekki um aðfarargerðir, sbr. 2. gr. þeirra. Verður þessari málsástæðu sóknaraðila því einnig hafnað.
35. Þar sem öllum málsástæðum sóknaraðila fyrir aðalkröfu hans hefur verið hafnað verður þeirri kröfu hafnað eins og varnaraðili krefst.
36. Varakrafa sóknaraðila, sem lýtur að því að málskot úrskurðar þessa fresti frekari fullnustuaðgerðum á grundvelli framangreindra aðfarargerða, er hvorki studd nokkrum málsástæðum né lagarökum í skriflegri kröfu sóknaraðila. Er hún því svo verulega vanreifuð að óhjákvæmilegt er að vísa henni frá dómi af sjálfsdáðum.
37. Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989, verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn eins og í úrskurðarorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er m.a. litið til þess að málskostnaður milli aðila var felldur niður í þeim þætti málsins sem til úrlausnar var í úrskurði Landsréttar í máli nr. 7/2024.
38. Af hálfu sóknaraðila flutti málið Ólafur Eiríksson lögmaður en Sveinn Andri Sveinsson lögmaður flutti málið af hálfu varnaraðila. Hildur Briem héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

**Úrskurðarorð:**

Hafnað er aðalkröfu sóknaraðila, Hilmars Ágústis Hilmarssonar, um að ógiltar verði aðfarargerðir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu nr. 2023-050078, nr. 2023-050094 og nr. 2023-051246, sem allar fóru fram 10. október 2023 og lauk með árangurslausu fjárnámi.

Varakröfu sóknaraðila um að málskot til Landsréttar fresti fullnustuaðgerðum á grundvelli framangreindra aðfarargerða er vísað frá dómi án kröfu.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi ACE Handling ehf., 350.000 krónur í málskostnað.

Hildur Briem